

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, fimmtudaginn 24. maí 2018, í máli nr. S-81/2018:

Ákærvaldið

(*Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Sveinbjörn Claessen lögmaður*)

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er höfðað með ákæru útgefni af héraðssaksóknara 13. febrúar 2018 á hendur X, [...], [..., ...], fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 6. september 2014, á þáverandi heimili hans í [... ...], haft samræði við B, með því að notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefndrunga og ölvunar.

Er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu brotþola er gerð sú krafa að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa miskabætur að fjárhæð 3.500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 6. september 2014 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá því bótakrafa var kynnt fyrir ákærða, en með dráttarvöxtum eftir þann dag, samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, til greiðsludags. Að auki er gerð sú krafa að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa skaðabætur á grundvelli I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna þess tjóns sem hún varð fyrir í árásinni. Í öllum tilvikum er gerð krafa um þóknun við réttargæslu úr hendur ákærða.

Ákærði neitar sök. Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Miðvikudaginn 15. febrúar 2017 mætti brotþoli á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot. Var tekin skýrsla af brotþola hjá lögreglu þennan sama dag. Í skýrslunni kom m.a. fram að ákærði hafi verið vinur brotþola frá í æsku. Þau hafi upphaflega kynnst þegar þau hafi verið saman í [...]. Þau hafi tilheyrt sama vínahópi upp frá því.

Árið 2014 hafi brotþoli haft samband við ákærða, sem þá hafi búið í [...], þar sem hún og kærasti hennar hafi verið á leið til [...] og vantað gistingu þá daga sem þau hugðust dvelja þar í september það ár. Hafi ákærði fallist á að þau gistu hjá

honum. Er til [...] kom hafi kærasti brotþola veikst og orðið að fara á spítala þar sem hann hafi verið lagður inn. Brotþoli hafi dvalið á spítalanum hjá kærasta sínum tvær fyrstu næturnar, en ekki fengið að vera þar þá þriðju og síðustu. Hafi brotþoli í staðinn gisti heima hjá ákærða. Það kvöld hafi hún eldað fyrir ákærða og þau drukkið áfengi. Síðar um kvöldið hafi þau farið að ræða gamla tíma. Brotþoli hafi orðið mjög drukkin og farið að sofa eftir að hafa kastað upp. Hún hafi vaknað upp við það að ákærði hafi verið að hafa við hana samræði um leggöng aftan frá. Hún hafi risið upp og fært sig frá ákærða. Sökum ölvunar hafi hún strax lognast út af aftur. Hún hafi vaknað um morguninn og verið öll aum í kynfærum. Hún hafi á þeirri stundu ákveðið að reyna að lifa með þessum atburði. Mánuðum síðar hafi hún áttað sig á því hvers eðlis brot ákærða hafi verið og sótt sér aðstoð við að glíma við afleiðingar brotsins. Að endingu hafi hún ákveðið að hitta ákærða og segja honum frá því hvernig hann hafi brotið gegn sér. Ákærði hafi á þeim fundi viðurkennt fyrir henni að hann hefði brotið gegn henni umrætt sinn. Það sama hafi hann viðurkennt fyrir sameiginlegum vinum brotþola og ákærða. Frekar verður ekki rakið hér úr skýrslu brotþola hjá lögreglu.

Á meðal rannsóknargagna málsins er skýrsla lögreglu frá 6. júlí 2017 um samskipti á fésbókarsíðu, sem brotþoli afhenti lögreglu þegar hún lagði fram kæru á hendur ákærða. Samkvæmt fésbókarsíðunni sendi brotþoli ákærða skilaboð, kl. 14.42 þann 7. september 2016, og segir að hana langi til að tala við hann. Hún spyr hvort ákærði geti hitt hana þann sama dag og þau ákveða að hittast á „róluvelli“ í nágrenni við grunnskóla er ákærði og brotþoli voru saman í. Þennan sama dag sendi brotþoli ákærða skilaboð kl. 16.55 og spyr hvað hann hafi sagt C. Ákærði svarar því til að hann hafi sagt sannleikann og þar af leiðandi myndi hann ekki koma í afmælið hans. Í framhaldi ætli ákærði ekki að vera með í „hittingum“ héðan í frá. Brotþoli spyr hvort ákærði hafi kallað þetta nauðgun við C. Ákærði svarar því til að hann hafi sagt honum að ákærði hefði misnotað aðstöðu sína og væri nauðgari. Þann 7. október 2016 kl. 17.19 spyr brotþoli ákærða að því hverjum hann hefði sagt að hann hefði nauðgað henni. Ákærði svarar því til að hann hefði sagt móður sinni, föður, litla bróður, sálfræðingi sínum, C og D. Brotþoli svarar og segir að A komi til landsins á fimmtudaginn og hann þurfi líka að vita. Hún spyr hvort ákærði hafi skoðun á því hvort þeirra eigi að segja honum. Ákærði spyr þá hvort hann megi segja honum frá. Brotþoli svarar að það þurfi að vera áður en A komi til landsins og segir ákærði að hann muni hringja í hann þetta sama kvöld. Brotþoli segist myndi vilja hringja eða „skype-a“ sig inn í það símtal. Ákærði samþykkir það og lætur brotþola vita að hann sé að tala við A og að hún skuli prófa að hringja inn.

Á meðal gagna málsins er endurritun á símtali sem fram fer í kjölfarið á milli ákærða, brotþola og A. Í upphafi símtalsins segir ákærði að það sem hann vilji segja sé það sama og hann segi öðrum sem hann hafi sagt frá þessu, sem sé það að hann hafi brotið gegn brotþola án þess að gera sér fullkomlega grein fyrir því á þeim tíma. En hann hafi „náttúrulega“ brotið á henni, misnotað aðstöðu sína og nauðgað henni. Hann væri óendanlega leiður út af þessu og væri hann til í að gera hvað sem væri til að bæta fyrir það. Hann vilji gjarnan að fólk í kringum þau viti af þessu. Brotþoli segir við A að tvö ár séu síðan. Hún hafi átt mjög erfitt með sig eins og A hafi kannski séð og það sé kannski stór ástæða fyrir því að hún hafi svólítið misst samband við „ykkur“. Alltaf þegar ákærði væri á landinu reyndi brotþoli svólítið að forðast „ykkur“ af því að ákærði ætti til að birtast. Hún hafi upplifað það þannig að hún væri allan þennan tíma að halda einhverju leyndu fyrir þeim sem væri eitthvað sem væri óeðlilegt að þeir vissu ekki af. Brotþoli hafi sagt D frá atvikinu í janúar á þessu sama ári og hann hefði hjálpað henni og verið „skjöldur“ þar sem ákærði hafi verið duglegur að mæta þar sem hún hafi verið. Eins hafi ákærði komið heim til hennar en það hafi hún ekki búist við að hann myndi gera. Botninn hafi tekið úr um daginn, í matarboði sem hún hafi haldið fyrir A og síðan á veitingastað þegar þau hafi hist, en í bæði skiptin hefði ákærði sagt nauðgunarbrandara. Í samskiptunum segist ákærði ekkert geta sagt sér til varnar. Í lok símtalsins segir hann að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað hann hafi verið að gera brotþola allan þennan tíma fyrr en hún hafi rætt við hann. Brotþoli segist hafa verið lengi í afneitun með að þetta hefði gerst.

Á meðal rannsóknargagna málsins eru fésbókarsamskipti á milli ákærða og D. Þann 7. september 2016, kl. 16.04, sendir brotþoli skilaboð til D og segist hafa „confronterað“ ákærða áðan. Hann hafi játað. D svarar því til að ákærði hafi gengið upp að honum á kaffihúsi rétt áður og beðið hann um að heyra í sér næsta dag. Brotþoli segist halda að ákærði sé á leiðinni að tala við C og segir að sér sé létt, en það séu tvö ár síðan atvikið hafi átt sér stað. Hún hafi hitt ákærða og sagt honum að hún hefði verið meðvitundarlaus af drykkju heima hjá honum og að hann hefði notfært sér það. Hann hafi játað og sagt að hann væri í raun nauðgari. Ákærði hafi sagt að hann hafi átt erfitt með sig í tvö ár. Hann hafi verið hjá sálfræðingi og „þetta“ hafi verið að éta hann að innan. Hann hafi sagt að ef þau myndu hittast á sama stað þá myndi hann fara. Brotþoli hafi sagt ákærða að það hafi hvarflað að henni að kæra og hafi hann beðið hana um að gera það ekki. Þennan sama dag kl. 18.05 sendi D brotþola skilaboð á fésbókinni og segir C hafa verið að hringja og sagt að hann hafi verið að tala við ákærða og vildi ræða við D.

Á meðal rannsóknargagna málsins eru fésbókarskilaboð frá 4. október 2016, en þann dag, kl. 18.48, sendir A brotþola skilaboð um að hún sé ótrúlega sterk og

hann sé stoltur af henni. Brotapoli þakkar fyrir skilaboðin. Hún hafa verið að verða ónýtari, viðkvæmari og óstarfhæfari með hverjum deginum og hafi hún orðið að gera eitthvað.

Heimilislæknir hefur ritað læknaþréf 14. júní 2017 þar sem því er lýst að brotapoli hafi komið á stofu til læknisins 29. ágúst 2016 vegna afleiðinga umferðarslyss tveim vikum áður. Í viðtalinu hafi brotapoli greint frá kynferðisofbeldi sem hún hafi orðið fyrir aðfaranótt 7. september 2014. Það mál hafi sótt mikið á hana og valdið henni vanlíðan. Hafi læknirinn vísað brotapolu til sálfræðings.

Sálfræðingur hefur ritað vottorð 1. september 2017 um skoðun og viðtöl við brotapolu. Fram kemur að í nóvember 2016 hafi brotapoli leitað á Landspítala vegna afleiðinga kynferðisbrots sem hafi átt að eiga sér stað í september 2014. Brotapoli hafi farið í „skimunarviðtöl“ í nóvember 2016 hjá áfallateymi til að meta viðeigandi þjónustu og í framhaldi verið skráð í áfallastreitumeðferð hjá áfallateymi Landspítala. Brotapoli hafi mætt í 14 viðtöl, hið fyrsta 11. apríl 2017. Í samantekt kemur fram að viðmót brotapolu bendi til þess að hún hafi upplifað hræðslu og varnarleysi í ætluðu broti. Niðurstöður endurtekens greiningarmats sýni að brotapoli þjáist af áfallastreituröskun í kjölfar ætlaðs kynferðisbrots. Niðurstöður sjálfsmatskvarða hafi samvarað vel frásögn hennar í viðtölum. Hún virðist ávallt hreinskilin, trúverðug og samkvæm sjálfri sér. Ekki sé hægt að segja til um með vissu hver áhrif ætlaðs kynferðisbrots verði þegar til lengri tíma sé litið. Atburðurinn hafi haft slæm áhrif á líðan brotapolu.

Sálfræðingur hefur 24. apríl 2018 ritað skýrslu vegna brotapolu. Fram kemur að brotapoli hafi í desember 2017 leitað til sálfræðingsins vegna vanlíðunar í tengslum við ætlað kynferðisbrot sem hún hafi lýst að hún hafi orðið fyrir í september 2014. Sálfræðingurinn hafi alls fjórum sinnum hitt brotapolu, fyrst 18. janúar 2018. Í niðurstöðu kemur fram að endurtekið mat hafi farið fram á líðan brotapolu og afleiðingum ætlaðs kynferðisbrots. Hafi brotapoli verið sjálfri sér samkvæm í viðtölum, virst hreinskilin um upplifun sína og einlæg í frásögn og hugsun hennar virst skýr og rökræn þrátt fyrir töluverða vanlíðan og streitu. Niðurstaða greiningarmats hafi verið að brotapoli hafi verið greind með yfirstandandi geðlægð og áfallastreitutöskun vegna ætlaðs kynferðisofbeldis í september 2014. Hafi brotapoli greint frá því að hafa áður fengið greiningu og meðferð við áfallastreituröskun vegna sama tilviks. Mikilvægt væri að hafa í huga að bakslög væru algeng í kjölfar farsællar úrvinnslu áfalla og einkenni kæmu gjarnan fram á ný við aukna streitu í daglegu lífi eða ef einstaklingur þyrfti að takast á við áfallatengdar kveikjur eða minningar. Í ljósi sálrænna einkenna hafi brotapolu verið ráðlögð frekari meðferð til að vinna betur úr því áfalli sem hún hafi

orðið fyrir er ætlað ofbeldi hafi átt sér stað og þeirri skerðingu sem hún hafi fundið fyrir í daglegu lífi.

Sálfræðingur hefur 22. júní 2017 ritað vottorð vegna ákærða. Fram kemur að ákærði hafi komið í fyrsta viðtal 15. september 2015, en samtals hafi hann komið í 6 viðtöl. Af þeim hafi eitt verið símaviðtal en tvö farið fram í gegnum Skype. Viðtölin hafi að mestu verið um ætlað kynferðisbrot og hvernig ákærði tækist á við ásakanir á sem bestan máta. Ásakanirnar hafi verið mikið áfall fyrir ákærða. Hann hafi í fyrstu, þegar brotþoli hafi hitt hann vegna málsins og sagt frá ætluðu broti, efast um að upplifun sín hafi verið rétt og farið að spyrja sig spurninga. Hann hafi ekki viljað draga í efa upplifun brotþola, en hann hafi verið alinn upp við að þolendur ættu að njóta vafans. Hann hafi ekki getað séð að hann hafi framið brot.

Verður nú gerð grein fyrir helstu framburðum við aðalmeðferð málsins.

**Ákærði** hefur lýst atvikum þannig að hann og brotþoli hafi kynnst þegar þau hafi verið í sama bekk í grunnskóla. Brotþoli hafi síðar fært sig í annan skóla, en þau þrátt fyrir það haldið áfram vinskáp. Þau hafi síðan farið í sama menntaskóla, verið góðir vinir og verið saman í stórum vinahópi. Kjarni þess vinahóps hafi verið ákærði, brotþoli, D, C og A. Ákærði hafi svo flutt búferlum til [... ..]. Þar hafi hann verið búsettur á árinu 2014 þegar brotþoli hafi sent honum skilaboð og spurt hvort hún mætti koma í heimsókn. Þau hafi á þessum tíma búið í sitt hvoru landinu og því ekki verið eins nán og á skólaárunum á Íslandi. Á þessum tíma hafi þau hist við og við þegar hann hafi verið í heimsókn á Íslandi. Ákærði hafi tekið vel í að brotþoli og kærasti hennar kæmu í heimsókn. Heimsóknin hafi verið í byrjun september 2014. Kærasti brotþola hafi verið veikur við komuna út og þurft að fara á spítala í [...]. Þar hafi kærastinn verið í tvær til þrjár nætur. Á föstudagskvöldi, þegar kærasti brotþola hafi enn verið á spítalanum, hafi ákærði ákveðið að elda fyrir ákærða og brotþola. Þau hafi drukkið saman vínflösku með kvöldmatnum og farið að ræða um gamla tíma og haft það notalegt. Á menntaskólaárunum hafi þau verið hrifin hvort af öðru en ekkert hafi orðið úr því. Þau hafi m.a. rætt það þetta kvöld. Eins hafi þau rætt þáverandi sambönd sín og um vinahópinn. Ákærði og brotþoli hafi bæði verið í samböndum á þessum tíma. Þau hafi opnað aðra rauðvínsflösku og drukkið úr henni. Eins hafi þau drukkið bjór sem ákærði hafi átt og þar að auki drukkið skot af tequila. Þau hafi bæði verið undir áhrifum áfengis en ekki ofurölvi. Ákærði hafi verið búinn að búa um sig í stofunni því brotþoli og kærasti hennar hafi átt að sofa í rúmi hans inni í herbergi. Þau hafi bæði háttað og burstað tennur. Hann hafi spurt hvort hann mætti sofa uppi í sama rúmi og hún og hafi hún samþykkt það. Uppi í rúmi hafi hann tekið utan um hana,

en hún hafi legið með bakið upp að hann. Hún hafi ýtt sér upp að honum á móti. Brotapoli hafi legið fyrir innan hann í rúminu og hafi hann skynjað kynferðislega spennu í loftinu. Hún hafi verið í náttbol en hann einungis í nærbuxum. Eitt hafi leitt af öðru. Brotapoli hafi farið úr náttbol og nærbuxum og þau haft kynmök. Þau hafi bæði legið á hlið og ákærði verið fyrir aftan brotapolu. Hún hafi tekið þátt í samræðinu, hafi verið æst og gefið frá sér hljóð. Eins hafi hún strokið ákærða um rassinn. Þau hafi á einhverjum tímapunkti farið saman fram á baðherbergi og haft þar samræði. Þaðan hafi þau farið aftur upp í rúmið. Hann hafi haft sáðlát, en hún hafi hvatt ákærða til þess. Hann hafi lagst á bakið og á sama tíma hafi hann áttað sig á því hvað þau hafi verið að gera. Hann hafi farið fram í stofu og lagst til hvílu í sófanum í stofunni og hugleitt hvort hann ætti að hringja í kærustu sína og láta hana vita hvað gerst hefði. Brotapoli hafi komið fram í stofu hálfri klukkustundu síðar og sagt við hann að þetta hefði ekki gerst. Ákærði hafi játað því og reynt að sofa eftir það. Hann hafi vaknað kl. 5.30 þennan morgun en hann hafi verið að aðstoða vin sinn í stúdíói við að taka upp lokaverkefni fyrir skóla. Hann hafi verið þar fram eftir degi. Kærasti brotapolu hafi komið heim af spítalanum þennan dag. Þau hafi dvalið áfram í íbúð hans einhverja daga og samskiptin verið ágæt. Ákærði hafi talið að þau væru sammála um að þau hefðu gert mistök sem þau ætluðu bæði að gleyma.

Þau hafi ekki átt mikil samskipti mánuðina eftir heimsóknina en hist í sameiginlegum vinarhópi þegar hann hafi komið til landsins. Samskiptin hafi verið misvandræðaleg. Hann hafi að jafnaði komið heim til Íslands tvisvar sinnum á ári. Honum hafi ekki fundist samskipti þeirra vera frábrugðin því er áður hafi verið. Brotapoli hafi tveimur árum eftir atvikið beðið hann um að hitta sig. Ákærði hafi ekki verið búinn að segja neinum frá því hvað hefði gerst þeirra á milli. Hann hafi einungis sagt kærustu sinni að eitthvað hefði gerst, en ekki hvað. Kærastan hafi ekki spurt nánar út í atvikið. Hann hafi hitt brotapolu á leikvelli skammt frá heimili hennar. Það hafi verið 6. eða 8. september 2016. Hún hafi sagt við hann að hann hefði misnotað hana í heimsókninni til [...] og hún vildi ekki hafa hann í vinarhópi sínum. Ef hann viðurkenndi brot sitt og segði sameiginlegum vinum frá því fengist ákveðin lausn í málið.

Ákærði kvaðst hafa fengið sjokk þegar brotapoli hafi lýst þessu. Um alvarlegar ásakanir hafi verið að ræða. Honum hafi fundist slæmt að hann hefði gert henni eitthvað illt og metið það svo að það væri skársti kosturinn í stöðunni að taka á sig sök í málinu og biðjast afsökunar. Í beinu framhaldi af þessum fundi með brotapolu hafi hann hitt vin sinn C. Eins hafi hann rætt við foreldra sína. Hann hafi sagt þeim hvað brotapoli hefði sagt við hann. Hann hafi tjáð þeim að brotapoli hefði verið meðvitundarlaus og hann misnotað hana er hún hefði heimsótt hann til

[...]. Hafi hann séð þetta sem þá leið sem honum stæði til boða til að allt yrði gott aftur. Þrátt fyrir það hafi honum ekki fundist brotþoli hafa haft rétt fyrir sér. Hann hafi skynjað að hún hefði upplifað aðstæður öðruvísi. Á þessum tímapunkti hafi hann talið að hann hefði einfaldlega haft rangt fyrir sér. Hann hafi samt munað eftir atburðinum sem slíkum. Hann hafi verið í áfalli er hann hafi sagt foreldrum sínum frá þessu. Það hafi ekki verið fyrr en hann hafi hitt C að skýrari mynd um atvikið hafi mótast huga hans. Þá hafi hann áttað sig á því að staðhæfingar brotþola um misnotkun hafi ekki verið réttar. Sú mynd hafi orðið skýrari er hann hafi komið heim til foreldra sinna í framhaldi af fundinum með C. Í huga hans hafi samt sem áður verið það sem brotþoli hefði sagt við hann úti í [...], að þau skyldu gleyma þessu. Hann hafi ekki nefnt þau orð við brotþola er þau hafi hist á leikvellingum. Honum hafi fundist eins og hann myndi leysa málið ef hann tæki á sig sök og honum hafi liðið mjög illa. Hann hafi staðið í þeirri trú að hún myndi jafnvel ekki leggja fram kæru ef ákærði myndi taka á sig sök í málinu. Þegar þau hafi hist hafi brotþoli nefnt það að hún hefði verið á lögreglustöð skömmu áður og íhugað að leggja fram kæru á hendur honum. Hún hafi sagt honum á leikvellingum að hún hefði sagt kærasta sínum frá málinu ári áður. Eins hefði hún sagt sameiginlegum vini, D, frá því. Henni hafi greinilega liðið illa og sagt að sér liði illa í kringum ákærða. Honum hafi einnig fundist það geta hjálpað honum ef þau myndu ekki umgangast hvort annað.

Þegar þetta samtal hafi farið fram hafi ákærði verið hættur með kærustu sinni. Hann hafi verið með samviskubit. Brotþoli hafi lýst því skýrt á leikvellingum að hann hefði misnotað hana. Það atriði hafi einfaldlega ekki verið til umræðu eftir atburðinn í [...]. Ákærði kvaðst hafa áttað sig á því, að frá hans sjónarhóli, væri brotþoli að bera hann röngum sökum. Hann kvaðst ekki vita af hverju hún hefði gert þetta. Hún hefði verið hrifin af honum á sínum tíma og verið reið út í hann þar sem hann hefði ekki verið eins hrifinn af henni. Hafi honum því ekki komið á óvart að finna „kulda“ frá henni. Hann kvaðst hafa farið aftur út til [...] fljótlega eftir fundinn með henni. Hún hafi tekið skýrt fram að hún vildi ekki að hann hefði samband við sig og hann hafi virt þær óskir hennar.

Er ákærði hafi farið utan eftir fundinn með brotþola hafi hann staðið í þeirri trú að málið væri búíð og ekkert meira myndi gerast. Hann hafi þá verið búinn að ræða við vini þeirra og segja þeim frá málinu. Brotþoli hafi sjálf sagt D frá málinu. Hann hafi talað við D og af viðmóti hans hefði hann mátt ætla að hann teldi ákærða hafa brotið gegn brotþola. Samtalið hafi á sér stað daginn eftir að hann hefði hitt brotþola á leikvellingum og honum fundist hann einn og ráðalaus. Hafi D ráðlagt honum að leita til sálfræðings til að halda geðheilsu sinni. Hann hafi sagt C að brotþoli teldi að ákærði hefði misnotað stöðu sína og að ákærði hafi sagt

að þar með væri hann nauðgari. Hann hafi þekkt D og A það vel að hann hafi vitað að hann myndi ekki tapa vinskap þeirra þrátt fyrir málið. Hann hafi í raun ekki verið hreinskilinn er hann hafi sagt C frá málinu. Hann hafi upphaflega sagt A frá málinu í gegnum skype símtal. Hafi það verið vegna þess að A hafi verið í útlöndum og á leið til landsins. Brotapoli hafi óskað eftir því að ákærði greindi A frá atvikinu fyrir komu til landsins og einnig eftir því að fá að vera hluti af því samtali. Ákærða hafi ekki verið kunnugt um að brotapolí hefði tekið símtalið upp. Hann kvaðst hafa sagt brotápola frá því á fésbókinni að hann hefði sagt C frá málinu og hafi hann lýst því þannig að hann hefði misnotað stöðu sína gagnvart brotápola. Ákærði kvast hafa leitað til sálfræðings vegna málsins.

**Brotapoli** hefur lýst atvikum þannig að hún hafi þekkt ákærða frá því þau voru sex ára gömul. Þau hafi verið í sama grunnskóla og upp frá því hafi þau tilheyrt sama vinahópi. Þau hafi farið í sama menntaskóla. Brotapoli hafi litið svo á að þau væru trúnaðarvinir. Í vinahópi þeirra hafi verið, auk ákærða og brotápola, D, C og A. A hafi komið inn í vinahópinn í menntaskóla, en A væri að auki frændi ákærða. Brotapoli og kærasti hennar hafi í september 2014 ákveðið að fara til útlanda. Hún hafi verið búin að vera í sambandi með kærasta sínum í eitt ár, en kærastinn hafi ekki tilheyrt nefndum vinahópi þeirra. Hún hafi sett sig í samband við ákærða og spurt hvort hún og kærasti hennar mættu heimsækja hann til [...]. Hann hafi tekið vel í það. Kærasti brotápola hafi verið orðinn veikur áður en þau fóru utan. Þegar út kom hafi líðan kærastans versnað. Þar sem ekki hafi verið auðvelt að bjarga sér á enskri tungu í [...] hafi ákærði aðstoðað þau varðandi heilbrigðisþjónustu. Að endingu hafi kærastinn verið fluttur á sjúkrahús. Ákærði hafi aðstoðað við það. Þau hafi farið þrjú saman á spítala þar sem kærastinn hafi verið lagður inn. Vegna tungumálaerfiðleika hafi ákærði séð um öll samskipti. Kærastinn hafi verið lagður inn og verið á sjúkrahúsinu í þrjár nætur. Fyrstu tvær næturnar hafi kærastinn verið í eins manns herbergi og brotapolí sofð þar inni. Þriðju nóttina hafi kærastinn verið fluttur í þriggja manna stofu og hún af þeim ástæðum ekki getað verið hjá honum síðustu nóttina. Þann dag hafi ákærði og brotapolí, um kl. 17.00, farið heim til ákærða í [...].

Sökum þess hve vel ákærði hafi reynst henni og kærasta hennar hafi hún ákveðið að elda mat fyrir þau heima hjá ákærða. Þau hafi drukkið áfengi með matnum. Eftir matinn hafi þau farið á „trúnó“ og hafi ákærði m.a. beðist afsökunar á hegðun sinni á menntaskólaárunum. Þá hafi hann gert grein fyrir því að hann ætti í erfiðleikum með sambandi sitt og kærustu sinnar og vildi hún hætta með ákærða. Hafi brotapolí hughreyst hann, jafnframt því að segja honum að hún væri ánægð í sínu sambandi við kærasta sinn. Eftir að hafa drukkið vín um kvöldið hafi þau drukkið skot af tequila. Af þeim drykk hafi brotapolí orðið veik, verið óglatt og

farið upp í rúm. Ákærði hafi komið með fötu og brotapolí kastað upp. Í framhaldi hafi hún sofnað. Hún hafi legið skáhalt í rúminu, sem hafi verið rúmdýna á gólfinu. Hún hafi eiginlega dáíð áfengisdauða en rankað við sér þar sem ákærði hafi verið að hafa samræði við hana. Ákærði hafi verið fyrir aftan hana og haft samræði um leggöng. Hún hafi verið mjög drukkin, en þrátt fyrir það áttað sig á hvað væri í gangi. Hún hafi fengið mikið sjokk og það hafi tekið hana smá stund að ná áttum. Hún hafi sest upp og ákærði hætt samræðinu. Hún hafi liðið strax út af aftur og misst meðvitund. Er hún hafi farið að sofa hafi hún verið í svörtum bómullarkjól, nærfötum og sokkum en þegar hún hafi vaknað um morguninn hafi hún verið nakin. Henni hafi verið mjög illt í kynfærunum og það hafi tekið hana smá stund að ná áttum. Hún hafi staulast á fætur og vafið sænginni um sig og farið inn á bað og pissað. Ákærði hafi verið í stofunni og hafi hún farið til hans og spurt hann hvað hefði gerst. Hann hafi svarað því til að ekkert hefði gerst. Brotapolí hafi átt mjög erfitt með að horfast í augu við það en ákveðið að gera ekkert og farið aftur inn í rúm.

Henni hafi ekki tekist að sofna aftur, farið á fætur og síðan upp á spítala til kærasta síns. Hún hafi komið upp á spítala á milli klukkan 9 og 10 um morguninn. Hún hafi tekið lest þangað og verið um 30 mínútur á leiðinni. Hún hafi ekki getað sagt kærasta sínum frá því sem fyrir hana hefði komið og henni hafi liðið mjög illa. Hún hafi ekki leitað til læknis vegna málsins og viljað láta eins og ekkert hefði gerst. Hún hafi viljað bæla atburðinn niður og verið í aðstæðum sem hún hafi ekki þekkt. Kærasti brotápola hafi útskrifast þennan dag og hafi þau farið saman heim til ákærða, en kærastinn hafi verið veikburða. Samskiptin við ákærða þennan dag og þá næstu hafi verið stíð. Brotapolí hafi verið í sjokki og ekki rætt við ákærða. Sökum ástands kærastans hafi þau meira og minna verið í íbúðinni næstu tvo daga. Hún hafi harkað af sér til að láta líta út fyrir að allt væri í lagi, en hún og kærastinn hafi verið upp á ákærða komin. Hún hafi ætlað að bæla niður líðan sína og atburðinn og hugsa ekki um hann meira. Það hafi hins vegar ekki gengið.

Brotapolí og kærasti hennar hafi flogið heim tveimur dögum eftir að kærastinn losnaði út af spítalanum. Þann 12. september 2014 hafi ákærði haft samband og sagt að það væri kominn reikningur vegna heilbrigðisþjónustu kærastans og spurt hvert hann ætti að senda reikninginn. Brotapolí hafi þakkað ákærða fyrir aðstoðina. Eftir þennan atburð hafi brotapolí átt mjög erfitt. Hún hafi sömuleiðis átt erfitt vegna þess að um trúnaðarvin hennar hafi verið að ræða; vin sem brugðist hefði trausti hennar. Hafi hún reynt að bæla tilfinningar sínar niður.

Þegar brotapolí hafi verið að lesa fyrir jólaþróf 2014 hafi hún m.a. lesið dóm sem minnt hafi hana á aðstæður hennar. Í því máli hafi sök sannast og viðkomandi verið dæmur fyrir kynferðisbrot. Hún hafi áttað sig á því að sú athöfn

að hafa samræði við einstakling sem ekki gæti spornað við verknaðinum væri einnig nauðgun. Í kjölfar þessa hafi flóðgáttir opnast hjá henni. Hún kvaðst hafa hitt ákærða í matarboði 17. febrúar 2015, í sameiginlegu vinaboði. Samskiptin við hann hafi verið stíð. Þrátt fyrir allt hafi hún látið sem ekkert væri. Í júlí 2015 hafi hún tekið þátt í svokallaðri „druslugöngu“ þar sem fólk hafi deilt persónulegum sögum sínum og í framhaldi hafi hún pantað tíma hjá Stígamótum vegna síns máls. Þangað hafi hún farið í júlí og ágúst 2015. Hún hafi sagt að hún héldi að sér hefði verið nauðgað. Aðstæður hafi svo valdið því að hún hætti að fara þangað. Í ágúst 2015 hafi brotaþoli verið á leið til útlanda og ákveðið að halda boð fyrir vini sína. Hún hafi ekki boðið ákærða. Vinur þeirra, A, hafi haft samband og sagt að hún yrði að bjóða ákærða. Þrátt fyrir að vilja það ekki hafi hún ákveðið að bjóða honum. Hafi hún á þeim tíma ekki viljað segja frá atvikinu. Ákærði hafi komið snemma í boðið og farið snemma.

Haustið 2015 hafi brotaþoli verið í skiptinámi í [...]. Hún hafi ákveðið að segja kærasta sínum frá atvikinu og fyrirfram hafi hún óttast að kærastinn brygðist illa við og fyndist brotaþoli „skítug og ónýtt“. Kærastinn hafi hins vegar ekki gert það heldur stutt hana að öllu leyti. Í desember 2015 hafi hún komið heim úr náminu. Hún hafi hitt vinkonu sína E á veitingastað. Vinir brotaþola, D og A, hafi heilsað upp á þær. Brotaþoli hafi heyrt í vini sínum C sem hafi verið á ferð með ákærða. Þeir hafi litið við. Brotaþoli kvaðst hafa heilsað C en ákærða varla. Á þessum tímamarki hafi hún orðið þreytt á því að ákærði væri alltaf með þegar hún vildi hitta vini sína. Það hafi verið óþolandi. Í framhaldi þessara atvika hafi hún ákveðið að segja vini þeirra, D, frá atvikinu. Henni hafi fundist sem D tryði orðum sínum. Því næst hafi hún sagt E vinkonu sinni frá atvikinu. E hafi sagt að hún hefði farið með ákærða heim kvöldið sem þau hefðu hist á veitingastaðnum og sofið hjá honum. Henni hafi þótt það leitt eftir að hafa heyrt sögu brotaþola. Í maí 2016 hafi brotaþoli sagt móður sinni frá atvikinu. Hafi móðir hennar hvatt hana til að leggja fram kæru í málinu. Brotaþoli kvaðst hafa sagt öllum þessum aðilum nákvæmlega það sem gerst hefði umrætt sinn. Hún hafi notað hugtakið nauðgun í þessum lýsingum. Þann 13. júlí 2016 hafi hún verið á leið heim til sín gangandi ásamt kærasta sínum. Kærastinn hafi tekið eftir því að C og ákærði hafi verið að fela sig væntanlega til að koma þeim á óvart. Henni hafi brugðið mikið við að sjá ákærða og ekki heilsað honum. Á leiðinni heim hafi hún brostið í grát.

Þann 5. ágúst 2016 hafi A verið á leið til útlanda í nám. Vinir ákærða hafi ákveðið að halda boð fyrir hann. D hafi skipulagt boðið, sem hafi átt að vera heima hjá brotaþola. Ákærði hafi mætt í boðið. D hafi brugðist illa við bröndurum sem ákærði hafi látið frá sér þetta kvöld og beinst hafi að konum og hvernig rífa ætti þær úr kjólum. Eftir boðið heima hjá brotaþola hafi verið haldið samkvæmi heima

hjá D. Vinkona brotaþola, F, hafi sagt brotaþola að ákærði væri að reyna við sig. Brotaþoli hafi brostið í grát og sagt F frá atvikinu. Hún hafi rætt við G þessa nótt en hann hafi verið kærður fyrir kynferðisbrot. Mál hans hafi verið fellt niður. Þrátt fyrir það hafi orðið að samkomulagi milli G og kæranda í því máli að G færi í burt úr aðstæðum ef hann og kærandinn væru á sama stað. Hafi brotaþola fundist þetta gott fyrirkomulag. Síðar í ágúst 2016 hafi brotaþoli hitt vini sína á Laugaveginum. Ákærði hafi komið á staðinn og verið með óviðeigandi brandara varðandi húðflúr og tippi. Hún hafi rokið á brott og eftir þetta sagt vinnufélögum sínum frá atvikinu. Eftir það hafi hún fengið leiðbeiningar um að vel hafi reynst í málum, af hennar toga, að „konfrontera“ gerendur. Hafi hún ákveðið í kjölfarið að „konfrontera“ ákærða með sitt mál. Hún kvaðst hafa ætlað að hringja í ákærða og biðja hann um að hitta sig. Á endanum hafi hún sent honum skilaboð á fésbókinni, 7. september 2016, þar sem hún hafi beðið hann um að hitta sig.

Þau hafi hist á leikvelli í nágrenni við heimili hennar. Hún hafi sagt ákærða að hún hefði verið drukkin heima hjá honum í [...] í september 2014. Hún hefði verið meðvitundarlaus vegna áfengisdrykkju og ákærði misnotað hana. Hann hafi sagt já og farið að gráta. Þau hafi átt langt spjall. Hann hafi sagst vera nauðgari og hún hafi spurt hann af hverju hann hefði gert þetta. Hafi ákærði svarað því til að hann hefði verið drukkin og skotinn í henni. Hann hafi sagt að hann hefði farið til sálfræðings eftir að hafa hætt í sambandi með kærustu sinni. Þetta mál hefði komið upp í þeirri meðferð. Í samtali þeirra hafi þau rætt hvernig hægt væri að vinna úr stöðunni. Aldrei hafi komið fram að ákærði væri að játa verknaðinn til að láta henni líða betur. Henni hafi alltaf fundist hann vera hreinskilinn og einlægur. Hún hafi sagt að splitta ætti vinalöngum þannig að ef þau myndu bæði mæta yrði hann að yfirgefa svæðið. Hún hafi sagt að vinir þeirra, C, D og A, yrðu að fá að vita af málinu og hvaða ástæður lægju að baki því að þau vildu ekki hittast. Ákærði hafi sagt að hann vildi segja þessum vinum þeirra frá málinu. Brotaþoli kvaðst þetta sama kvöld hafa sagt föður sínum frá því sem komið hefði fyrir. Það kvöld, eða það næsta, hafi hún hitt C og D. C hafi faðmað hana en hún hafi óttast að þessir vinir myndu ekki trúa henni. Þau hafi m.a. rætt um kærú og C sagt að hún yrði að ákveða sjálf hvort hún myndi leggja fram kærú. Brotaþoli hafi frétt að A væri á leið til landsins og beðið ákærða um að segja A frá málinu. Hún hafi jafnframt farið þess á leit að fá að heyra samtal þeirra. Þau þrjú hafi hringt inn á fésbókina og átt samtalið í gegnum síma. Hún hafi tekið samtalið upp en þá upptöku hafi hún afhent lögreglu við kærú. Hún hafi ekki greint ákærða og A frá því að hún tæki samtalið upp. Henni hafi verið ljóst að þeir ættu að vera upplýstir um það en þrátt fyrir það hafi hún ekki greint þeim frá því. Henni hafi fundist sínir hagsmunir mikilvægastir. Brotaþoli hafi vonast til þess að þessar játningar ákærða yrðu til þess að hún gæti lokað málinu.

Það hafi hins vegar ekki orðið raunin og henni hafi ekki fundist málið réttlátt; að gerendur kæmst upp með brot sín.

Í byrjun október 2016 hafi brotþoli haft samband við réttargæslumann til að athuga með kæru í málinu. Sálfræðingur er hún hafi leitað til hafi sagt að kæra væri mikilvægur þáttur í bataferli þeirra einstaklinga er orðið hefðu fyrir kynferðisbrotum. Að skila skömminni. Eftir þetta hafi brotþoli leitað til sálfræðings sem hafi verið með aðstöðu á Kleppi. Hún hafi beðið réttargæslumann sinn um að athuga hvort lögsaga væri því til fyrirstöðu að leggja fram kæru þar sem brotið hafi verið framið í [...]. Lögregla hafi gefið það álit sitt að lögsagan ætti ekki að vera vandamál. Að endingu hafi hún lagt fram kæru þann 15. febrúar 2017.

**Kærasti brotþola** kvaðst hafa farið til [...], ásamt brotþola, í september 2014. Þau hafi gist heima hjá ákærða. Hann hafi verið veikur og þurft að leita á spítala úti í [...]. Hann hafi verið þrjár nætur á spítala. Fyrstu tvær næturnar hafi brotþoli gist hjá honum á spítalanum en þá þriðju hafi hún ekki átt þess kost og því sofið heima hjá ákærða. Eftir að hann hafi verið útskrifaður af spítalanum hafi hann verið slappur og því dvalið næstu daga meira og minna á heimili ákærða. Hann hafi á þessum tíma ekki sérstaklega velt fyrir sér líðan brotþola og ekkert heyrt af ætluðu broti ákærða fyrr en töluverðu síðar er brotþoli hafi greint kærastanum frá atvikinu. Hún hafi lýst því þannig að ákærði hafi nauðgað henni í íbúðinni í [...]. Þegar hún hafi sagt frá málinu hafi hún grátið. Sameiginlegir vinir hennar og ákærða hafi ekki verið í vinnuhópi kærastans. Hann hafi því ekkert umgengist ákærða og aðeins hitt hann einu sinni eftir ferðina til [...]. Brotþoli og kærastinn hafi verið á leið heim á göngu að kvöldi til og kærastinn hafi séð á lengdar hvar ákærði og C hafi verið að fela sig, væntanlega til að geta komið brotþola á óvart. Eftir að hafa rætt stuttlega við þá hafi brotþoli og kærastinn haldið för sinni áfram en brotþoli brostið í grát á leiðinni heim. Hún væri ofurviðkvæm þegar kæmi að umræðu um kynferðisbrot.

**Vitnið D** kvaðst hafa verið í grunnskóla með ákærða og brotþola á sínum tíma. Þau væru æskuvinir. Í dag byggju þau hvert í sínu landi, en hann væri búsettur í útlöndum. Um áramótin 2015 til 2016 hafi brotþoli beðið hann um að koma í gönguferð. Í ferðinni hafi brotþoli greint frá því að í september 2014, þegar brotþoli hafi dvalið hjá ákærða í [...], hefði ákærði komið fram vilja sínum gagnvart brotþola. Brotþola hafi verið mikið niðri fyrir. Hún hafi ekki rakið atvikin í smáatriðum en greint frá því að hún og ákærði hefðu verið að drekka áfengi og gera upp gamla tíma heima hjá ákærða í [...]. Brotþoli hafi grátið mikið er hún hafi sagt frá atvikinu. Hún hafi beðið hann fyrir málið þar sem hún vissi ekki hvað hún ætlaði að gera í framhaldinu. Hann hafi ekki sagt neinum frá en reynt að styðja hana eftir föngum.

Á þeim tíma er brotþoli hafi sagt frá hafi vinir hennar haft nokkrar áhyggjur af henni þar sem þeir hefðu ekki séð mikið af henni og velt því fyrir sér af hverju það gæti stafað. Þeir hafi hist um jólin 2015 og brotþoli verið með þeim en verið annars hugar. Í byrjun september 2016 hafi hún sagt honum frá því að hún hefði rætt við ákærða um málið. Hafi hún beðið vitnið um að hitta sig. Þetta sama kvöld hafi vitnið og brotþoli hist heima hjá C. Vinur þeirra, A, hafi einnig verið á staðnum og hún sagt C og A frá atvikinu. Komið hafi skýrt fram hjá brotþola að um nauðgun hefði verið að ræða af hálfu ákærða. Hún hafi lýst fyrir C og A sömu atvikum og hún hefði áður gert honum grein fyrir. Vitnið hafi hitt ákærða þennan sama dag og ákærði sagt að hann þyrfti að ræða við hann. Meira hafi ákærði ekki sagt. Daginn eftir hafi vitnið, ásamt C, hitt ákærða á heimili ákærða. Móðir ákærða hafi verið viðstödd í upphafi. Ákærða hafi liðið illa og verið í eins konar áfalli. Hann hafi sagt að hann gengist við þeim ásökunum er brotþoli hefði frammi. Ekki myndi vitnið hvaða orð ákærði hafi viðhaft er hann hafi gengist við verknaðinum. Fram kom að ákærða þætti málið leiðinlegt og væri hann tilbúinn til að gera það sem þyrfti. A hafi ráðlagt ákærða að leita sér hjálpar til að hann gæti unnið úr málinu. Kvaðst vitnið muna eftir því að á meðan móðir ákærða hafi verið með þeim hafi móðirin viljað gera lítið úr málinu. Ákærði hafi sagt að hann bæri víst ábyrgð á þessu. Atvikið hafi lítið verið rætt efnislega að öðru leyti en fram hafi komið að brotþoli myndi segja sameiginlegum vinum frá atvikinu. Ákærði væri rólyndismaður að eðlisfari. Honum hafi hins vegar verið mikið niðri fyrir þennan dag og verið dapur. Kvaðst vitnið hafa lagt þann skilning í orð hans að hann væri að játa þann verknað er brotþoli hafi borið á hann. Vitnið kvaðst af og til hafa rætt við ákærða eftir þetta. Sú umræða hafi ekki snúist um verknaðinn heldur hvernig ákærða liði. Ákærði hafi aldrei sagt við vitnið að athafnir hans umrætt sinn hefðu ekki verið kynferðisbrot gagnart brotþola.

**Vitnið C** kvaðst hafa verið í grunnskóla með ákærða og brotþola. Þau hafi öll tilheyrt sama vinahópi upp frá því. Vitnið kvaðst haustið 2016 hafa fengið vitneskju um mál ákærða og brotþola. Hann ásamt D, hafi farið að heimili ákærða. Móðir ákærða hafi verið með í upphafi. Hún hafi verið leið út í brotþola og sagt að brotþoli segði ósatt. Ákærði hafi reynt að róa móður sína og varið framburð brotþola. Hafi ákærði lýst því þannig að brotþoli hefði heimsótt hann til [...]. Kærasti brotþola hefði verið lagður inn á spítala í [...]. Ákærði og brotþoli hefðu borðað saman og farið á fylleri heima hjá ákærða. Þar hefði ákærði brotið gegn henni. Ákærði hafi ekki lýst atvikum nákvæmlega en hafi gert sér grein fyrir því að hann hefði brotið gegn brotþola. Ákærði og brotþoli hafi verið sammála um það og ákærði skýr um það. Það hafi ekki farið milli mála. Ákærði hafi verið fullur iðrunar og miður sín. Vitnið kvaðst hafa hitt brotþola seinna þetta sama kvöld.

Hafi hún lýst því sem komið hefði fyrir. Atvikum hafi ekki verið lýst nákvæmlega. Vitnið kvaðst hafa rætt við ákærða eftir að skýrslutökum hjá lögreglu hafi lokið og hafi ákærði sagt við vitnið að eftir að hafa rætt málið við lögfræðing væri hann ósammála lýsingu brotþola á atburðarásinni. Ákærði hafi ekki viljað ræða málið frekar.

**Vitnið A** kvaðst vera frændi ákærða en þeir væru fjórmenningar og trúnaðarvinir. Vitnið væri einnig vinur brotþola frá því þau hafi verið saman í menntaskóla og þau hafi tilheyrt sama vinahópi. Vitnið hafi verið á leið heim til Íslands haustið 2016 er ákærði hafi hringt í hann. Ákærði hafi sagt að hann hefði fengið leyfi brotþola til að segja frá tilteknu atviki. Brotþoli hafi komið inn í þetta símtal. Ákærði hafi greint frá því að þegar brotþoli hafi heimsótt hann til [...] 2014 hafi þau skemmt sér saman. Í heimsókninni hafi hann nauðgað brotþola. Ekki myndi vitnið nákvæmlega hvernig ákærði hefði lýst umræddu atviki eða hvort orðið nauðgun hefði verið viðhaft. Í símtalinu hafi ákærði verið að biðja brotþola afsökunar. Brotþoli hafi ekki upplýst vitnið eða ákærða um að hún tæki símtalið upp. Stuttu síðar hafi vitnið hitt brotþola og hún lýst því sem fyrir hafi komið. Ákærði hafi síðar útskýrt hegðun sína í þessari heimsókn fyrir vitninu. Hann hafi sagt að hann hefði ekki brotið gegn brotþola. Það hafi verið um líkt leyti og brotþoli lagði fram kæru á hendur honum.

**Vitnið E** lýsti því að hún og brotþoli væru búnar að vera mjög góðar vinkonur síðan úr menntaskóla. Ákærða þekkti vitnið einnig. Í febrúar 2016 hafi brotþoli greint vitninu frá því að ákærði hafi brotið gegn henni í september 2014 þegar hún hafi verið heima hjá honum í [...]. Hún hafi brotnað niður þegar hún hafi sagt vitninu frá málinu og verið miður sín og lýst því að ákærði hefði nauðgað sér. Þau hafi verið búin að drekka áfengi þetta kvöld og hafi brotþoli rankað við sér um nóttina með ákærða ofan á sér.

**Vitnið G** kvaðst þekkja bæði ákærða og brotþola. Í ágúst 2016 hafi brotþoli greint vitninu frá þessu atviki. Vitnið og brotþoli hafi rætt almennt um kynferðisbrot og hvernig sú staða leiddi til þess, þegar aðstæður væru þannig, að brotþolin þyrfti að vera á sama stað og gerandinn. Hafi brotþoli sagt að sér þætti óþægilegt að vera á sama stað og ákærði, sem hefði nauðgað sér. Brotþoli hafi verið í miklu uppnámi og grátið er þau hafi rætt saman.

**Vitnið F** lýsti því að brotþoli hafi tjáð henni að ákærði hefði nauðgað sér. Hafi brotþola liðið mjög illa er hún hafi lýst atvikinu og brostið í grát. Hún hafi sagt að það væri mjög erfitt að ákærði væri í sama vinahópi og hún, en vinahópurinn væri náinn.

**Fyrirverandi vinnufélagi brotþola** kvaðst hafa deilt skrifstofu með henni frá vori 2016. Haustið 2016 hafi brotþoli átt erfiða daga í vinnunni og rætt um að

maður, frá fyrri tíð, hafi dúkkað upp í vinarhópi hennar. Brotapola hafi liðið illa þessa daga, haustið 2016. Einhverju síðar þetta haust hafi hún lýsti fyrir vitninu hvað komið hefði fyrir. Komið hafi fram að vinur hennar hefði nauðgað henni. Þau hafi m.a. rætt um hvernig unnt væri að vinna sig út úr þessum aðstæðum og hvernig unnt væri að ná „lokun“. Kvaðst vitnið hafa stappað í brotapola stálinu.

**Móðir brotapola** kvað hana hafa sagt sér frá hinu ætlaða broti fyrri hluta árs 2016. Hafi hún lýst því þannig að sér hefði verið nauðgað einu og hálfu ári áður. Að fá þessa vitneskju hafi útskýrt ýmislegt fyrir móðurinni. Á þessum tíma hafi brotapolli búið heima hjá foreldrum sínum. Hún hafi alltaf verið dugnaðarforkur. Eftir hið ætlaða brot hafi hún beinlínis drekkt sér í vinnu. Hún hafi unnið alla daga vikunnar, sem og laugardaga og sunnudaga. Hafi móðirin nefnt það við föður hennar. Hefði hún haft áhyggjur af dóttur sinni á sínum tíma og séð að hún var ekki glöð. Hún hafi sagt að hún hafi ákveðið að hitta ákærða vegna málsins og hafi ákærði í samtali þeirra viðurkennt að hafa brotið gegn brotapola. Það hafi verið ákveðinn léttir að ákærði skyldi viðurkenna brot sitt en það hafi síðan ekki reynst nóg fyrir hana. Hún hafi í kjölfar játningarinnar lagt fram kærú á hendur ákærða.

**Foreldrar ákærða** kváðu ákærða hafa gert þeim grein fyrir máli brotapola sama dag á árinu 2016 og brotapolli hafi hitt hann á leikvellingum. Ákærði hafi sagt að hann væri nauðgari. Hann hafi verið í miklu áfalli og niðurbrotinn. Þau hafi spurt ákærða nánar út í atvik og hann sagt að honum fyndist hann ekki hafa brotið gegn brotapola. Þau hafi bæði verið drukkin úti í [...] er þau hafi sofið saman. Ákærði hafi upplifað það þannig að samræðið hefði verið með samþykki beggja. Miðað við frásögn brotapola hefði hún upplifað aðstæður með öðrum hætti. Ákærða hafi fundist hann verða að þóknast brotapola og reyna að bæta hlutina. Það hafi ekki þýtt að ræða þetta við hann þennan dag, en hann hafi verið fastur fyrir hvað þetta varðaði. Ákærði hafi ekki mátt heyra neitt slæmt sagt um brotapola og allt hafi gengið út á hvernig bæta mætti henni upplifunina. Málið hafi haft gríðarlega áhrif á ákærða, sem og foreldrana.

**Vitnið H** kvaðst hafa kynnst ákærða í æsku, en þeir hafi verið á leikskóla saman. Ákærði og vitnið hafi farið í sama grunnskóla, en þar hafi vitnið kynnst brotapola. Vitnið hafi flust til [...] og verið þar á sama tíma og ákærði. Ekki hafi vitnið verið í sambandi við brotapolli síðari ár. Ákærði hafi greint vitninu frá máli brotapola í kjölfar þess að brotapolli hafi rætt við ákærða á leikvellingum. Ákærði hafi lýst því þannig að hann og brotapolli hefðu sofið saman. Það hafi ekki átt að gerast. Hafi ákærði lýst því fyrir vitninu að brotapolli hafi ekki verið mótfallin því að þau svæfu saman. Ákærði hafi jafnframt gert grein fyrir því að brotapolli ætlaði að leggja fram kærú á hendur honum fyrir kynferðisbrot. Ákærða hafi liðið mjög illa og verið miður sín.

**Fyrirverandi kærasta ákærða** kvaðst hafa verið í sambúð með ákærða í um fjögur ár. Í september 2014 hafi vitnið verið í heimsókn á Íslandi. Vitnið og ákærði hafi verið á erfiðum stað í sambúðinni. Í september 2014, stuttu eftir heimsókn brotaþola og kærasta hennar til [...], hafi ákærði sagt að hann og brotaþoli hefðu kysst í heimsókninni. Hafi vitninu ekki dottið í hug að neitt meira hefði átt sér stað. Ákærði hafi verið leiður yfir að hafa brugðist trausti vitnisins. Einhverju síðar hafi vitnið og ákærði slitið samvistum. Á árinu 2016 hafi ákærði tjáð vitninu að brotaþoli væri að leggja fram kæru á hendur honum fyrir kynferðisbrot. Hafi ákærði ekki skilið af hverju brotaþoli hefði upplifað aðstæður á þann hátt er hún hafi gert og tjáð vitninu að hann hefði upplifað aðstæður þannig að brotaþoli hefði verið samþykkt kynmökum. Þegar ákærði hafi sagt frá því að þau hefðu haft kynmök hafi hann verið niðurbrotinn og grátandi.

**Vitnið I** kvaðst hafa flutt til [...] í september 2016. Hafi vitnið ekki verið komið með samastað og flutt inn til ákærða. Þau hafi orðið góðir vinir upp frá því. Ákærði hafi greint vitninu frá kæru brotaþola á hendur sér og atvikum að baki. Fram kom að þau hafi sofið saman en brotaþoli síðar sagt ákærða frá því hvernig hún hefði upplifað atburðinn. Brotaþoli hafi beðið ákærða um að halda sig frá sameiginlegum vinum þeirra. Ákærði hafi greint vitninu frá því að brotaþoli hefði sagt við ákærða hann yrði að viðurkenna verknaðinn á fésbókinni. Að öðrum kosti myndi hún leggja fram kæru. Ákærði hafi séð eftir því að hafa viðurkennt gagnvart brotaþola og vinum þeirra að hann hafi brotið gegn henni. Hann hafi aldrei upplifað það þannig að hann hefði framið brot.

**Vitnið J** kvaðst hafa verið í námi með ákærða í [...] í september 2014. Þann 6. september 2014 hafi ákærði og vitnið verið að vinna saman í stúdíói við hljóðupptöku. Staðfesti vitnið að ljósmynd í framlögðum gögnum væri af vitninu í stúdíói þennan dag. Myndin hafi, samkvæmt þeim upplýsingum er vitnið hefði hjá sér, verið tekin í stúdíóinu þennan dag kl. 8.12.

Fyrir dóminn kom **sálfræðingur** er ritað hefur vottorð 1. september 2017 vegna brotaþola. Greindi sálfræðingurinn frá einstökum atriðum í vottorðinu. Niðurstaða úr viðtölum við brotaþola væri að hún væri með áfallastreituröskun vegna ætlaðra brota ákærða. Hún hafi komið í þrjú viðtöl eftir ritun vottorðsins. Undir lok meðferðarinnar hafi brotaþoli verið komin undir greiningarviðmið fyrir áfallastreituröskun.

Fyrir dóminn kom **sálfræðingur** er ritað hefur vottorð 24. apríl 2018 vegna brotaþola. Gerði sálfræðingurinn nánari grein fyrir vottorðinu. Fram kom að brotaþoli hafi leitað til sálfræðingsins vegna sálrænnar vanlíðunar tengdri kynferðisofbeldi er brotaþoli hefði orðið fyrir. Hafi brotaþoli greinst með áfallastreitueinkenni, þunglyndi og kvíða. Brotaþoli hafi uppfyllt skilyrði um að

einkennin tengdust atburði frá 2014. Komið hafi verið inn á fyrri áföll er brotþoli hafi glímt við. Líðanin sem sálfræðingurinn hafi unnið með hafi hins vegar tengst atvikinu frá 2014.

Fyrir dóminn kom **sálfræðingur** er ritað hefur vottorð 22. júní 2017 vegna ákærða. Lýsti sálfræðingurinn nánar einstökum atriðum í viðtölum við ákærða. Fram kom að ákærði hafi upphaflega leitað til sálfræðingsins í september 2015 vegna sambúðarslita við þáverandi sambýliskonu sína. Síðan hafi tekið við vinna vegna ætlaðra kynferðisbrota ákærða. Ákærði hafi verið í lausu lofti og ekki vitað hvernig hann ætti að taka á málinu. Ákærði hafi ekki komið í viðtöl síðan í apríl 2017.

*Niðurstaða:*

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot gagnvart brotþola með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 6. september 2014, á þáverandi heimili ákærða í [... ..], haft samræði við brotþola, með því að notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefnþrunga og ölvunar. Er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök. Ákærði og brotþoli eru sammála um ýmis atvik málsins. Að kvöldi föstudagsins 5. september 2014 hafi þau borðað saman á heimili ákærða í [...] og drukkið áfengi með matnum. Þau hafi rætt saman um gamla tíma og orðið töluvert drukkin. Fyrir utan léttvín og bjór hafi þau drukkið skot af tequila. Ákærða og brotþola ber ekki saman um hvað gerðist í framhaldinu.

Ákærði staðhæfir að hann og brotþoli hafi farið að sofa. Brotþoli og kærasti hennar hafi átt að sofa í rúmi ákærða í svefnherberginu. Ákærði hafi hins vegar ætlað að sofa í sófa í stofunni. Kærasti brotþola hafi verið á spítala og því ekki á staðnum. Ákærði hafi spurt brotþola hvort hann mætti sofa hjá henni. Hún hafi samþykkt það. Þau hafi háttað og lagst upp í rúm. Ákærði hafi tekið utan um brotþola. Hafi hann fundið fyrir kynferðislegri spennu á milli þeirra. Þau hafi í framhaldi afklæðst og haft samfarir, bæði í rúminu, sem og frammi á baðherbergi. Það hafi verið með vilja beggja og brotþoli ekki verið mótfallin samræðinu. Þau hafi eftir það sofnað. Ákærða hafi liðið illa. Hann hafi rofið trúnað við kærustu sína, en hann hafi verið í sambúð á þessum tíma. Eins hafi brotþoli verið í sambandi. Ákærða hafi skilist á brotþola að þau skyldu gleyma atvikinu og láta eins og ekkert hefði gerst. Er brotþoli hafi borið kynferðisbrot á ákærða, tveimur árum síðar, hafi hann fengið áfall. Hann hafi einungis hugsað um hagsmuni brotþola og hvernig hann gæti bætt henni líðan hennar. Af þeim ástæðum hafi hann tjáð brotþola og sameiginlegum vinum þeirra að hann hefði brotið gegn brotþola í heimsókninni í september 2014. Það hafi hins vegar ekki verið þannig í

raun. Ákærði hafi tekið á sig sök að því leyti.

Brotapoli hefur lýst atvikum þannig að hún hafi orðið mjög ölvuð eftir matinn. Þau hafi bæði drukkið léttvín, auk þess að drekka skot af tequila. Hún hafi lagst í rúmið og þurft að kasta upp vegna drykkju. Ákærði hafi aðstoðað hana og komið með fötu. Brotapoli hafi lognast út af en vaknað við það að ákærði hafi verið að hafa samfarir við hana um leggöng, aftan frá. Hún hafi náð að setjast upp en lognast út af aftur og ekki vaknað fyrr en undir morgun. Þá hafi hún verið nakin og fundið fyrir miklum sársauka í kynfærum. Hún hafi farið fram á bað. Því næst hafi hún farið til ákærða þar sem hann hafi verið í stofunni. Brotapoli hafi spurt ákærða hvað hefði gerst og ákærði sagt að ekkert hefði gerst. Hún hafi ákveðið að reyna að gleyma atvikinu og bæla það niður. Það hafi ekki tekist. Brot ákærða hafi haft mikil áhrif og sótt á hana. Hún hafi leitað sér margvíslegrar aðstoðar vegna málsins. Hafi hún heyrt af því að mikilvægur liður í bataferli gæti verið að „konfrontera“ gerandann og því ákveðið að „konfrontera“ ákærða með málið. Í september 2016 hafi hún beðið ákærða um að hitta sig og gert honum grein fyrir hvernig hann hafi brotið gegn sér. Ákærði hafi viðurkennt brot sitt, bæði gagnvart sér sem og sameiginlegum vinum hennar og ákærða. Þrátt fyrir þetta hafi málið haldið áfram að hafa áhrif á hana og því ákveðið að leggja fram kæru á hendur ákærða hjá lögreglu fyrir kynferðisbrot. Ákærði hafi við skýrslugjöf hjá lögreglu horfið frá fyrri játningu sinni.

Sem fyrr greinir neitar ákærði sök. Við mat á trúverðugleika ákærða er til þess að líta að á meðal rannsóknargagna málsins eru ýmis gögn um samskipti á milli hans, brotþola og sameiginlegra vina þeirra haustið 2016 er varða málið. Svo sem fyrr í þessum dómi var rakið sendi brotþoli ákærða skilaboð á fésbókinni, 7. september 2016, þar sem brotþoli óskar eftir að fá að hitta ákærða. Síðar sama dag spyr hún ákærða á fésbókinni hvað hann hafi sagt við C. Ákærði segist hafa sagt sannleikann. Hafi ákærði sagt C að hann hefði misnotað aðstöðu sína og væri nauðgari. Er brotþoli spyr ákærða hverjum hann hafi sagt að hann hafi nauðgað henni svarar ákærði því til að hann hafi sagt foreldrum sínum, yngri bróður, C og D frá því. Brotþoli spyr hvort ákærði vilji segja A frá málinu eða hvort hún eigi að gera það. Ákærði spyr hvort hann megi segja A frá þessu. Á meðal gagna málsins er uppritun á símtali sem átti sér stað í kjölfarið á milli ákærða, brotþola og A. Í því símtali segist ákærði hafa brotið gegn brotþola, án þess einhvern veginn að hafa gert sér grein fyrir því á þeim tíma. Engu að síður hefði hann brotið gegn henni og misnotað sér aðstöðu sína.

Fyrir dóminn komu sameiginlegir vinir ákærða og brotþola. Er um að ræða vitnin D, C og A. Vitni þessi gerðu grein fyrir því sem ákærði hefði sagt þeim í framhaldi af fundi ákærða og brotþola í september 2016. Þannig lýsti vitnið D því

að ákærði hafi gengist við þeim verknaði er brotþoli hafi borið á hann. Hafi ákærði aldrei dregið þann framburð til baka gagnvart vitninu. Vitnið C kvað ákærða hafa verið skýran um það að hann hafi brotið gegn brotþola. Hafi ákærði og brotþoli verið sammála um það. Það hafi ekki verið fyrr en ákærði hafi rætt við lögfræðing að hann hafi komist að annarri niðurstöðu. Loks staðfesti vitnið A að ákærði hafi sagt að hann hafi nauðgað brotþola í heimsókninni í [...]. Ákærði hafi síðar lýst því að hann hafi ekki talið sig hafa framið brot þar sem hann hafi talið brotþola samþykkan samræðinu.

Ákærði hefur borið að honum hafi verið ljóst að hann væri að játa á sig alvarlegar sakir með því að gangast við því broti sem brotþoli sakaði hann um. Nauðgun er alvarlegt kynferðisbrot. Slíku broti fylgir útskúfun fyrir þá sem sakfelldir eru, auk þess að varða þá áralanga fangelsisvist. Þetta gat ákærða ekki annað en verið ljóst. Eru skýringar ákærða á því af hverju hann saklaus gekkst við slíku broti ekki trúverðugar. Með því er framburður ákærða ótrúverðugur um veigamestu atriði málsins og ekki unnt að leggja hann til grundvallar niðurstöðu.

Brotþoli er hins vegar trúverðug að mati dómsins. Hefur hún alla tíð verið sjálfri sér samkvæm um meginatriði málsins. Að mati dómsins hefur brotþoli gefið haldbærar skýringar á því af hverju hún kærði málið ekki strax til lögreglu. Brotþoli hefur lýst því að hún hafi í upphafi viljað bæla minningu um atburðinn niður. Atvikið hafi hins vegar sótt á hana og valdið henni mikilli vanlíðan. Hún hafi leitað sér aðstoðar sálfræðinga til að takast á við líðan sína. Eins hafi hún greint sínum nánustu frá atvikinu. Móðir brotþola og hennar nánustu vinir hafa lýst því að henni hafi liðið ákaflega illa vegna atviksins áður en hún lagði fram kæru. Þá hafa sálfræðingar, sem annast hafa brotþola, lýst því að brotþoli hafi uppfyllt greiningarviðmið fyrir áfallastreituröskun sem tengst hafi atvikinu í september 2014. Þegar til þessara atriða er litið er hér að framan var lýst verður trúverðugur framburður brotþola lagður til grundvallar niðurstöðu í málinu. Er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi haft samræði við brotþola með því að notfæra sér það að brotþoli gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefndruna og ölvunar.

Brot þetta var framið í [... ..] í september 2014. Með lögum nr. 23/2016 var lögsögureglum 5. gr. laga nr. 19/1940 breytt á þann veg að samkvæmt 5. gr. laganna skyldi refsað eftir íslenskum lögum fyrir brot manns sem væri íslenskur ríkisborgari og væri framið erlendis, ef brotið varðaði við 194. gr. laga nr. 19/1940. Brot ákærða var framið fyrir gildistöku þessa ákvæðis og fer því um refsilögsögu eftir 2. mgr. 5. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu skal refsa íslenskum ríkisborgara eftir íslenskum hegningarlögum, fyrir verknað framinn erlendis, ef brotið er framið á stað sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarrétti og var þá jafnframt refsivert eftir lögum

Þess ríkis. Í ákvæði þessu er ekki mælt fyrir um hvernig sýnt verði fram á gildandi löggjöf annarra ríkja. Löggjöf annarra ríkja er hins vegar orðin aðgengileg á netinu og auðfundin með leitarvélum. Samkvæmt almennum reglum eiga dómendur að hafa til að bera nægjanlega lagaþekkingu. Á vefslóðinni „...“ er að finna ... hegningarlög. Í 1. mgr. 205. gr. laganna er að finna sambærilegt ákvæði og 2. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940. Með vísan til þessa eru uppfyllt skilyrði um tvöfalt refsinemi samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

Ákærði er fæddur í nóvember 1991. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi svo kunnugt sé. Ákærði hefur hér í dómi verið sakfelldur fyrir nauðgun. Ákærði og brotþoli voru nánir vinir er brotið átti sér stað. Rauf ákærði trúnað við náinn vin með broti sínu. Með vísan til þess, sbr. og 1. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 2 ár.

Af hálfu brotþola er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 3.500.000 krónur, auk vaxta. Er um bótagrundvöll vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Sálfræðingar er borið hafa um líðan brotþola hafa lýst þeim andlegu afleiðingum er brotþoli hefur glímt við í kjölfar brots ákærða. Greindist brotþoli með áfallastreituröskun, kvíða og þunglyndi. Ákærði hefur með ólögum háttsemi sinni valdið brotþola miskatjóni. Með hliðsjón af brotinu, sem og þeim afleiðingum er hér var lýst, eru miskabætur hæfilega ákveðnar 1.800.000 krónur. Um vexti af þeirri fjárhæð fer sem í dómsorði greinir. Skaðabótakrafa brotþola hefur verið tekin orðrétt upp í ákæru í málinu. Auk bóta fyrir miska er gerð sú krafa að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola skaðabætur á grundvelli I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna þess tjóns sem brotþoli varð fyrir í árásinni. Við munnlegan flutning málsins fyrir dómi var þessum kröfandi lýst sem viðurkenningu á skaðabótaskyldu. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála getur kröfuhafi leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar hafi hann lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Kröfu brotþola er ekki lýst sem viðurkenningarkröfu í skaðabótakröfu eða ákæru. Er krafan því vanreifuð hér fyrir dómi og verður þessum kröfandi því vísað sjálfkrafa frá dómi.

Ákærði greiði sakarkostnað, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, þóknun réttargæslumanns brotþola sem og þóknun réttargæslumanns við rannsókn málsins hjá lögreglu, sem nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar réttargæslumanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði greiði B 1.800.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 7. september 2014 til 7. apríl 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Kröfu um skaðabætur á grundvelli I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 er vísað frá dómi.

Ákærði greiði 2.488.869 krónur í sakarkostnað, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Claessens lögmanns, 1.328.040 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Sigrúnar Jóhannsdóttur lögmanns, 527.000 krónur og þóknun Hauks Guðmundssonar, þá lögmanns á rannsóknarstigi, 210.800 krónur.

Símon Sigvaldason